

Ed.

316. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í ljósi þeirrar gífurlegu skattheimtu, sem ríkisstjórnin ryður nú fram á öllum sviðum, er ekki stætt á því að hækka sérstaklega um 60% flugvallagjald, sem innheimt er af öllum flugfarþegum eins og fyrirbyggjandi frumvarp gerir ráð fyrir, enda er það andstætt tilraunum til viðnáms gegn verðbólgunni.

Þvert á móti á ríkisvaldið að gæta þess, að álögð gjöld af þess hálfu hækki minna en áætluðum verðhækkunum nemur, og ryðja þannig brautina og sýna fordæmi um niðurtalningu verðbólgunnar. Í annan stað er að ýmsu leyti óréttlátt að innheimta flugvallagjald af innanlandsflugi og skattleggja þannig sérstaklega dreifbýlið, sem verður að reiða sig í ríki mæli á flugsamgöngur. Til þess að sníða þessa agnúa af fyrirbyggjandi frumvarpi er á sérstöku fylgiskjali flutt breytingartillaga um að flugvallagjald verði ekki innheimt af innanlandsflugi, en af flugi til útlanda hækki það um ca. 35% í stað þeirrar 60% hækkunar, sem fyrirbyggjandi frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.